

BORGARRÁÐ 8. júní 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um lokanir sundlauga á köldum dögum – MSS23060041

Frá Veitum hafa fengist þær upplýsingar að á komandi árum þurfi íbúar að búast við enn frekar lokunum sundlauga á köldum dögum, vegna skorts á heitu vatni. Hvaða leiðir eru færar til að bregðast við svo ekki verði hrun í veitingu heits vatns á álagstímum? Stendur til hjá Veitum að bora eftir auknu magni af heitu vatni til að tryggja að nóg sé til fyrir íbúa, stofnanir og sundlaugar? Ef nei, hver eru rökkin fyrir því að ná ekki í meira heitt vatn? Eru aðrar leiðir betur til þess fallnar að bæta þjónustuna? Hafa Veitur sett upp áætlanir til að bregðast við auknum veðuröfgum vegna loftslagsbreytinga, sem geta haft í för með sér ýktari og lengri kuldaköst?